

Skólanámskrá 2021-2022

Fag : Stærðfræði 4.bekkur

Kennari : Kristín Jóna Sigurðardóttir og Brynhildur Erla Jakobsdóttir

Tímafjöldi á viku: 6+

Kennsluaðferðir og skipulag: Í stærðfræði er lögð áhersla á að styrkja jákvætt viðhorf nemenda til stærðfræði með fjölbreyttum verkefnum og að efla sjálfstraust nemenda til greinarinnar. Nemendur fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast veruleika þeirra og daglegu lífi, með þeim hætti þróa þeir skilning sinn á stærðfræðihugtökum og notkun þeirra. Á fyrstu námsárunum er mikilvægt að hafa stærðfræði sýnilega og að nemendur fái tækifæri til að vinna hlutbundið með viðfangsefni hennar. Kennsluaðferðir í stærðfræði eru fjölbreyttar til að styðja sem best við nám nemenda og koma til móts við mismunandi þarfir þeirra. Kennsluaðferðir eru m.a. innlögn eða bein kennsla, para- og/eða hópverkefni, námsleikir og spil, þrautir, vinnubókarvinna, útikennsla, verklegar æfingar og þjálfunarforrit. Stærðfræði er samþætt við aðrar námsgreinar eins og kostur er. Einnig leggjum við áherslu á að nemendur ræði stærðfræði, noti hugtök og þjálfist í þrautalausn. Nemendum er ráðað í námshópa eftir stöðu hvers og eins, þeir vinna sjálfstætt, í litlum hópum og í stöðvavinnu eftir því sem við á hverju sinni.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafnrétti til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða þer alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa.
Lýðræði og mannréttindi	Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir í hópum eða bekk þegar við á. Mikilvægt að nemendur þróa með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.

Læsi	<p>Nemendur æfast í læsi á stærðfræðileg hugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.</p> <p>Nemendur æfast í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum.</p> <p>Nemendur læra að lesa stærðfræðileg tákni þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin.</p> <p>Nemendur læri að lesa tölfræðigögn.</p>
Sköpun	<p>Nemendur nota ýmsar aðferðir s.s. teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit til útskýringa á stærðfræðiverkefnum.</p> <p>Nemendur vinna skapandi verkefni í hópastarfi.</p>

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
Stærðfræði og tungumál	Sproti 4a og 4b, nemendabók og æfingahefti, aukabækur, stöðvavinna, vasareiknar, ýmis spil og leikir	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -skrái upplýsingar þar sem háar tölur og brot koma fyrir geti tjáð sig á skýran og fjölbreyttan hátt um stærðfræðina og kynnt og útskýrt niðurstöður sínar á skýran og greinargóðan hátt fyrir öðrum -noti af öryggi hugtök og tákni 	Innlögn eða bein kennsla, para- og/eða hópverkefni, námsleikir, spil, þrautir, vinnubókarvinna, verklegar æfingar og þjálfunarforrit.	Leiðsagnarmat Kaflapróf, haustpróf, vorpróf.

		stærðfræðinnar til að leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni			
Lausnir verkefna og þrauta		<ul style="list-style-type: none"> -vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnarleiðir og skýri lausnarferli sitt fyrir öðrum -leysi þrautir sem tengjast daglegu lífi - geti unnið sjálfstætt og skipulega við að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur -geti leitað lausna og geta sett viðfangsefni fram með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu -geti rætt gagnrýnið um lausnir, valið og nýtt ólík hjálpartæki til þar með talin tölvutækni 			
Tengsl við daglegt líf og önnur svið		<ul style="list-style-type: none"> -skoði form í nánasta umhverfi sínu. Hvaða form þekja flöt? -áætli hvað vörur kosta, reikni út (t.d. með aðstoð vasareiknis), borgi og meti hvort rétt er gefið til baka 			

		-þjálfist í að lesa á tölvuklukku og skífuklukku og beri saman þær upplýsingar sem þær gefa			
Tölur og reikningur		-noti áþreifanlega hluti til að sýna háar -tölur noti vasareikni -kynnist margföldun, átti sig á því að margföldun er endurtekin samlagning -skilja að líta má á deilingu sem skiptingu og einnig sem endurtekinn frádrátt -geta nýtt sér að annars vegar samlagningu og frádrátt og hins vegar margföldun og deilingu eru andhverfar aðgerðir og geta notað þessi tengsl til að prófa útreikninga -skoði talnamynstur í margföldunartölum -kynnist mismunandi reikniaðferðum sem nota má við útreikninga með tveggja og þriggja stafa tölum			

		<ul style="list-style-type: none"> -noti talnalínu til að skoða andhverfar aðgerðir -þjálfist í að nota þekkingu á tugakerfinu við hugarreikning -námundi tölur að næsta tug eða hundraði -leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu -geri myndrit 			
Hlutföll og prósentur		<ul style="list-style-type: none"> -stækki flatarmyndir -leggi mat á hvort er meira, helmingur eða þriðjungur, helmingur eða fjórðungur, t.d. með því að skipta pappírsstrimlum af sömu lengd í 2, 3 og 4 hluta og bera saman hlutana 			
Mynstur og algebra		<ul style="list-style-type: none"> -skoði regluleika í mynstri og búi til mynstur útfaert á ólíka vegu -viti að nota má tákni, myndir eða bókstafi, í stað talna -kunni að nota tákni $<$ $=$ $>$ 			

		-viti að margar lausnir geta verið jafngildar			
Rúmfræði og mælingar		-vinni með tímareikninga, tímaáætlanir og lesi úr einföldum töflum -vinni með staðaleiningarnar m og cm, l og dl og g og kg - teikni flatarmyndir, s.s. þríhyrninga og rétthyrninga, og noti hugtökin punktur, hlið, horn o.s.frv. rétt -þekki rétt horn, hvöss og gleið og þekki þau í umhverfi sínu -mæli yfirborð hluta með því að nota mismunandi mælitæki, t.d. rúðunet eða einingarkubba -beri saman flatarmál rétthyrninga og margföldun tveggja talna -hliðri flatarmyndum, t.d. á pinnabretti eða rúðuneti			
Tölfræði og líkindi		geri rannsóknir á umhverfi sínu, telji, flokki, skrái og lesi úr			

		niðurstöðum og setji upp í myndrit			
--	--	---------------------------------------	--	--	--